

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

2002/EES/12/04

frá 20. desember 2000

um framkvæmd áætlunar um að hvetja til þróunar, dreifingar og kynningar á evrópskum hljóð- og myndverkum (MEDIA plús - þróun, dreifing og kynning) (2001 - 2005) (*)

(2000/821/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 3. mgr. 157. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórnin hélt ráðstefnu um evrópska hljóð- og myndmiðla, „Viðfangsefni og tækifæri á stafrænni öld“, í samvinnu við þáverandi formennskuríki, í Birmingham dagana 6. til 8. apríl 1998. Þetta samráðsferli leiddi í ljós að evrópskur hljóð- og myndmiðlaiðnaður þarfnast stuðnings í formi styrkrar áætlunar, einkum á sviði þróunar, dreifingar og kynningar á evrópskum hljóð- og myndmiðlaverkum. Enn fremur stuðlar starfsemi á sviði hljóð- og myndmiðlaverka að sköpun nýrra starfa á stafrænni öld, einkum í framleiðslu og miðlun hljóð- og myndmiðlaefnis.
- 2) Jafnframt því að samþykkja niðurstöður ráðstefnunnar í Birmingham um evrópska hljóð- og myndmiðla lagði ráðið, þann 28. maí 1998, áherslu á að æskilegt væri að stuðla að þróun öflugrar og samkeppnishæfrar dagskrárgerðar á sviði evrópsks hljóð- og myndmiðlaiðnaðar, þar sem sérstakt tillit væri tekið til menningarlegrar fjölbreytni innan Evrópu og sérstakra skilyrða á takmörkuðum málsvæðum.
- 3) Í skýrslu nefndar háttsettra embættismanna frá 26. október 1998 þar sem fjallað er um stefnu á sviði hljóð- og myndmiðlunar undir yfirskriftinni „Stafræna öldin: stefnumörkun á sviði evrópskrar hljóð- og myndmiðlunar“, er viðurkennd nauðsyn þess að efla aðgerðir til stuðnings kvikmynda- og hljóð- og myndmiðlaiðnaðinum, einkum með því að veita fé til MEDIA-áætlunarinnar í réttu hlutfalli við umfang og lykilkþýgingu iðnaðarins.
- 4) Viðfangsefni á sviði framleiðslu, dreifingar og framboðs evrópsks hljóð- og myndmiðlaefnis var aðalþema á málþingi um stefnumörkun á sviði hljóð- og myndmiðlunar sem bar yfirskriftina „Evrópskt efni á stafrænni þúsöld“ og sem þáverandi formennskuríki skipulagði í samvinnu við framkvæmdastjórnina í Helsinki 10. og 11. september 1999.
- 5) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðherraráðsins, sem ber yfirskriftina „Stefnumörkun á sviði hljóð- og myndmiðlunar: næstu áfangar“, viðurkennir framkvæmdastjórnin þörfina á auknum opinberum stuðningi, einkum á vettvangi bandalagsins, í því skyni að efla samkeppnishæfni evrópsks hljóð- og myndmiðlaiðnaðar.
- 6) Í grænbókinni um samleitni fjarskipta-, fjölmiðla- og upplýsingatæknigeiranna og afleiðingar hennar fyrir lagasetningu er lögð áhersla á hættuna á skorti á gæðaeefni á markaði fyrir stafrænt og flaumrænt sjónvarp.
- 7) Samráð framkvæmdastjórnarinnar við almenning um grænbókina leiddi í ljós nauðsyn þess að samþykkja rammaákvæði í því skyni að renna stöðum undir dreifingu og kynningu á evrópsku hljóð- og myndmiðlaefni fyrir hefðbundna og nýja miðla í stafrænu umhverfi.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 336, 30.12.2000, bls. 82, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2001 frá 18. maí 2001 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 32, 21.6.2001, bls. 6.

- 8) Í ályktunum sínum frá 27. september 1999 um niðurstöður samráðs við almenning um grænbókina um samleitni ⁽¹⁾ skoraði ráðið á framkvæmdastjórnina að taka mið af þessum niðurstöðum við gerð tillagna um ráðstafanir til að efla evrópskan hljóð- og myndmiðlaiðnað, meðal annars margmiðlunariðnaðinn.
- 9) Í orðsendingu sinni frá 14. desember 1999 um „Meginreglur og viðmiðunarreglur fyrir stefnu bandalagsins á sviði hljóð- og myndmiðlunar á stafrænni öld“ skilgreindi framkvæmdastjórnin forgangsmál sin innan hljóð- og myndmiðlageirans fyrir tímabilið 2000 til 2005.
- 10) Framkvæmdastjórnin hrinti í framkvæmd „aðgerða-áætlun til að efla þróun evrópsks hljóð- og myndmiðlaiðnaðar (MEDIA) (1991-1995)“, sem var samþykkt með ákvörðun ráðsins 90/685/EBE ⁽²⁾ og fjallar meðal annars um ráðstafanir sem er ætlað að styðja þróun og dreifingu evrópskra hljóð- og myndmiðlaverka.
- 11) Auk grænbókarinnar „Skipulagsmöguleikar til að efla evrópskan dagskrárgerðariðnað innan ramma stefnu Evrópusambandsins á sviði hljóð- og myndmiðlunar“ lagði framkvæmdastjórnin fram, í nóvember 1995, tillögu að ákvörðun ráðsins um stofnun evrópsks ábyrgðarsjóðs í því skyni að efla framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis ⁽³⁾, en Evrópuþingið lagði fram jákvætt álit sitt á henni 22. október 1996 ⁽⁴⁾.
- 12) Áætlun bandalagsins um þróun og eflingu evrópsks hljóð- og myndmiðlaiðnaðar var staðfest með MEDIA II-áætluninni (1996-2000) sem var samþykkt með ákvörðun ráðsins 95/563/EB ⁽⁵⁾ og ákvörðun ráðsins 95/564/EB ⁽⁶⁾. Rétt er að tryggja, á grundvelli fenginnar reynslu af þeirri áætlun, að aukið verði við hana, að teknu tilliti til þess árangurs sem náðst hefur til þessa.
- 13) Fram kemur í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um árangurinn af MEDIA II-áætluninni (1996-2000) á tímabilinu frá 1. janúar 1996 til 30. júní 1998 að hún telur að áætlunin sé í samræmi við dreifræðisregluna um tengslin milli bandalagsaðstoðar og innlendrar aðstoðar þar eð þau svið, sem MEDIA II-áætlunin tekur til, mynda heild með þeim sviðum sem innlendar stuðningsaðferðir taka til með venjubundnum hætti.
- 14) Nauðsynlegt er að taka mið af menningarlegum þáttum hljóð- og myndmiðlageirans í samræmi við 4. mgr. 151. gr. sáttmálans.
- 15) Evrópusambandinu ber, í samræmi við samningsumboðið, sem ráðið hefur veitt framkvæmdastjórninni í komandi samningaviðræðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), að sjá til þess, eins og í Úrúgvælotunni, að bandalagið og aðildarríki þess eigi áfram þess kost að varðveita og þróa getu sína til þess að skilgreina og framkvæma stefnu sína á sviði hljóð- og myndmiðlunar í því skyni að varðveita menningarlega fjölbreytni sína.
- 16) Í ályktun sinni frá 18. nóvember 1999 viðurkenndi Evrópuþingið, sem styður sömu stefnu, sérstakt hlutverk evrópska hljóð- og myndmiðlageirans, sem er að varðveita menningarlega fjölhyggju, heilbriggt efnahagslíf og tjáningarfrelsi, staðfesti stuðning sinn við það athafnafrælsi í stefnumálum á sviði hljóð- og myndmiðlunar sem var viðurkennt í Úrúgvælotunni og tók þá afstöðu að GATS-reglurnar (GATS: Hinn almenni samningur um þjónustuviðskipti) um menningarlega þjónustu, einkum innan hljóð- og myndmiðlageirans, ættu ekki að tefla menningarlegri fjölbreytni og sjálfsforræði samningsaðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni í tvísýnu.
- 17) Nauðsynlegt er, í því skyni að ávaxta virðisauka af ráðstöfunum bandalagsins, að tryggja að ráðstafanir á vettvangi bandalagsins komi til fyllingar aðstoð af innlendum toga.
- 18) Nauðsynlegt er að samræma ákvörðun þessa og aðgerðir framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við innlendar stuðningsráðstafanir við hljóð- og myndmiðlageirann, einkum í því skyni að varðveita menningarlega fjölbreytni í Evrópu með því að marka þá innlendu stefnu að hlúa nægilega vel að vaxtarbroddi framleiðslu í aðildarríkjunum. Auk þessa getur stuðningur bandalagsins haldist í hendur við opinberan stuðning.
- 19) Tilkoma evrópsks hljóð- og myndmiðlamarkaðar kallar á þróun og framleiðslu evrópskra verka, þ.e. verka sem eru upprunnin í aðildarríkjunum og þriðju löndum innan Evrópu sem eru þátttakendur í MEDIA plús-áætluninni eða hafa sett rammaákvæði um samstarf sem uppfylla skilyrðin sem eru sett fram í tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur ⁽⁷⁾.
- 20) Stafræna byltingin mun á allra næstu árum hafa í för með sér að evrópsk hljóð- og myndmiðlaverk verða sífellt aðgengilegri fyrir tilstuðlan nýrra leiða til þess að flytja hljóð- og myndmiðlaefni og víðar aðgengileg utan upprunlands.
- 21) Samkeppnishæfni dagskrárgerðar á sviði hljóð- og myndmiðla er háð notkun nýrrar tækni á stigum dagskrárundirbúnings-, -framleiðslu og -dreifingar. Því er við hæfi að tryggja viðeigandi og skilvirka samræmingu við ráðstafanir á sviði nýrrar tækni, einkum fimmtu rammaáætlun um aðgerðir Evrópubandalagsins á sviði rannsókna, tækniþróunar og tilraunaverkefna (1998 til 2002), sem var samþykkt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 182/1999/EB ⁽⁸⁾, væntanlega sjöttu rammaáætlun og ný tækifæri til fjölyngdrar

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 283, 6.10.1999, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 380, 31.12.1990, bls. 37.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 41, 13.2.1996, bls. 8.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB C 347, 18.11.1996, bls. 33.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 321, 30.12.1995, bls. 25.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 321, 30.12.1995, bls. 33.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/36/EB (Stjtið. EB L 202, 30.7.1997, bls. 60).

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 26, 1.2.1999, bls. 1.

- framleiðslu, til að tryggja samræmi við þær ráðstafanir sem eru fyrirhugaðar samkvæmt þessum áætlunum og skal leggja sérstaka áherslu á þarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem eru starfrækt á hljóð- og myndmiðla-markaðinum.
- 22) Framkvæmdastjórnin mun, í því skyni að styðja evrópsk verkefni á sviði hljóð- og myndmiðlunar, kanna hugsanlegar aukafjárveitingar í samræmi við aðra lagagerminga bandalagsins, einkum innan ramma „rafrænnar Evrópu“ og framtaksverkefna, sem leiðir af niðurstöðum fundar leiðtogaráðsins í Lissabon, til dæmis Fjárfestingarbanka Evrópu (EIB), Fjárfestingarsjóðs Evrópu (EIF) og rammaáætlana á sviði rannsókna. Upplýsa ber fagfólk innan hljóð- og myndmiðlageirans um hinar ýmsu stuðningsráðstafanir þeim til handa á vettvangi Evrópusambandsins.
- 23) Í samræmi við niðurstöður fundar leiðtogaráðsins í Lissabon ber ráðinu og framkvæmdastjórninni, fyrir árslok 2000, að gefa skýrslu um yfirstandandi endurskoðun fjármálaskjala Fjárfestingarbanka Evrópu (EIB) og Fjárfestingarsjóðs Evrópu (EIF) í því skyni að sveigja fjármögnunarstefnu að nýrri starfsemi, hátækni-fyrirtækjum og örfyrirtækjum og enn fremur að öðru frumkvæði með áhættufjármagni og ráðstöfunum á sviði ábyrgða sem Fjárfestingarbanki Evrópu og Fjárfestingarsjóður Evrópu gera tillögur um. Í þessu sambandi skal gefa hljóð- og myndmiðlaaðnaðinum sérstakan gaum til þess að auðvelda aðgang hans að fjármagnsmörkuðum og auka samkeppnishæfni hans.
- 24) Í skýrslu sinni til leiðtogaráðsins undir yfirskriftinni „Atvinnutækifæri í upplýsingasamfélaginu“ vísaði framkvæmdastjórnin til stórra atvinnusköpunartækifæra sem felast í hinna nýju þjónustu á sviði hljóð- og myndmiðlunar.
- 25) Í orðsendingu sinni um stefnu bandalagsins á sviði atvinnuefingar viðurkenndi framkvæmdastjórnin jákvæð áhrif MEDIA II-áætlunarinnar á atvinnumál innan hljóð- og myndmiðlageirans.
- 26) Því er við hæfi að greiða fyrir þróun fjárfestinga innan evrópska hljóð- og myndmiðlaaðnaðarins og hvetja aðildarríkin til þess að stuðla að atvinnusköpun í iðngreininni með ýmsu móti.
- 27) Mikilvægt er að MEDIA Plus-áætlunin geri kleift að skapa umhverfi sem er hagstætt fyrir stofnun nýrra fyrirtækja og fjárfestinga til þess að tryggja megi stöðu evrópska hljóð- og myndmiðlageirans á heimsmarkaði og skilvirkan stuðning við menningarlega fjölbreytni.
- 28) Nýta ber framlag lítilla og meðalstórra fyrirtækja til þróunar hljóð- og myndmiðlageirans.
- 29) Nauðsynlegt er að bæta skilyrði til að dreifa og kynna evrópsk kvikmyndaverk á evrópskum og alþjóðlegum mörkuðum. Hvetja ber til samvinnu alþjóðlegra og innlendra dreifenda, kvikmyndahúsaeigenda og framleiðenda kvikmynda. Þá ber einnig að hvetja til tengslamyndunar milli dreifenda, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, og styðja ber samstillt frumkvæði sem opnar leið fyrir sameiginlegar aðgerðir til sýningar evrópskra verka.
- 30) Nauðsynlegt er að bæta framtíðarhorfur sjónvarps-útsendinga evrópskra verka á evrópskum og alþjóðlegum mörkuðum. Með tilliti til þess forystuhlutverks, sem sjónvarpsstöðvar geta gegnt varðandi miðlun evrópskra verka og þess takmarkaða hluta af útsendingartíma sínum sem þær helga slíkum verkum um þessar mundir, er afar mikilvægt að evrópskir útvarpsrekendur (samanber skilgreiningu í 2. gr. tilskipunar 89/552/EBE) hvetji til útsendinga dagskrárefnis innan Evrópu með því að kaupa verk í öðrum aðildarríkjum.
- 31) Nauðsynlegt er að auðvelda óháðum, evrópskum framleiðslu- og dreifingarfyrirtækjum markaðsaðgang og kynna bæði evrópsk verk og evrópsk fyrirtæki innan hljóð- og myndmiðlageirans.
- 32) Bæta ber aðgang almennings að evrópski arfleifð á sviði hljóð- og myndmiðlunar, einkum með stafvæðingu og tengslamyndun á evrópskum vettvangi.
- 33) Hvetja ber evrópska handhafa efnis til þess að staf- og netvæða efnisskrár sínar, meðal annars það sem þeir eiga í safni og það sem tilheyrir kvikmyndaarfinum.
- 34) Stuðningur við þróun, dreifingu og kynningu skal miðast við uppbyggingarsjónarmið, til dæmis að skapa tækifæri í löndum eða á svæðum þar sem geta til framleiðslu hljóð- og myndmiðlaefnis er takmörkuð og/eða málsvæði eða landsvæði eru lítil, og/eða miðast við þróun óháðs, evrópsks framleiðslugeira, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
- 35) Samstarfsríkin í Mið- og Austur-Evrópu, sem og Kýpur, Malta og Tyrkland ásamt þeim EFTA-löndum, sem eiga aðild að EES-samningnum, eru viðurkennd sem hugsanlegir þátttakendur í áætlunum bandalagsins á grundvelli viðbótarfjárveitinga og í samræmi við málsmeðferð sem semja ber um við þessi lönd.
- 36) Önnur Evrópulönd, sem eiga aðild að samningi Evrópuráðsins um sjónvarp milli landa, eru óaðskiljanlegur hluti af evrópska hljóð- og myndmiðlasvæðinu og því ætti að gera þeim kleift að eiga aðild að þessari áætlun á grundvelli viðbótarfjárveitinga í samræmi við málsmeðferð sem ber að ákvarða í samningum milli hagsmunaaðila. Þessum löndum ætti, óski þau þess og með tilliti til fjárveitinga eða forgangsverkefna hljóð- og myndmiðlaaðnaðar þeirra, að vera fært að taka þátt í áætluninni og njóta góðs af þrengra samstarfsfyrirkomulagi á grundvelli viðbótarfjárveitinga og sérstakra ráðstafana sem hagsmunaaðilum ber að semja um sín á milli.
- 37) Að opna áætlunina fyrir þriðju löndum innan Evrópu er háð undanfarandi rannsókn á samræmi milli löggjafar þeirra og réttarreglna bandalagsins, einkum samræmi við tilskipun ráðsins 89/552/EBE.

38) Samvinna við þriðju lönd utan Evrópu, sem er þróuð á grundvelli gagnkvæmra og jafnvægra hagsmuna, kann að skapa evrópskum hljóð- og myndmiðlaiðnaði virðisauka í formi kynningarstarfs, markaðsaðgangs, dreifingar, miðlunar og hagnýtingar evrópskra verka í þessum löndum. Samstarf við þriðju lönd mun auka vitund um menningarlega fjölbreytni innan Evrópu og stuðla að útbreiðslu sameiginlegra, lýðræðislegra gilda. Þróa ber slíkt samstarf á grundvelli viðbótarfjárveitinga og sérstakra ráðstafana sem ber að ákvarða í samningum milli hagsmunaaðila.

39) Í þessari ákvörðun er að finna fjárhagsviðmiðun, í skilningi 34. liðar samstarfssamningsins milli Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 1999 um eftirlit með fjárlögum og endurbætur á afgreiðslu fjárlaga ⁽¹⁾ fyrir allt tímabilið sem áætlunin varir án þess þó að hafa áhrif á heimildir fjárveitingavaldsins samkvæmt sáttmálanum.

40) Samþykkja ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽²⁾.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Stofnsetning og markmið með áætluninni

1. Áætlun (hér á eftir nefnd „áætlunin“), sem gildi frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2005, er hér með komið á til að hvetja til þróunar, dreifingar og kynningar evrópskra hljóð- og myndmiðlaverka innan og utan bandalagsins í því skyni að efla evrópskan hljóð- og myndmiðlaiðnað.

2. Markmiðin með áætluninni eru sem hér segir:

- a) að bæta samkeppnishæfni evrópska hljóð- og myndmiðlageirans, þar með talið lítilla og meðalstórra fyrirtækja, á evrópskum og alþjóðlegum mörkuðum með því að styðja þróun, dreifingu og kynningu evrópskra hljóð- og myndmiðlaverka, að teknu tilliti til nýrrar tækni;
- b) að efla þá geira sem hjálpa til við að greiða fyrir flutningi evrópskra verka milli landa;
- c) að stuðla að virðingu fyrir og kynningu á fjölbreytni tungumála og menningar í Evrópu;
- d) að halda á lofti evrópskri arfleifð á sviði hljóð- og myndmiðlunar, einkum með stafvæðingu og tengslamyndun;

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 172, 18.6.1999, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

e) að þróa hljóð- og myndmiðlageirann í löndum eða á svæðum þar sem geta til framleiðslu hljóð- og myndmiðlaefnis er takmörkuð og/eða málsvæði eða landsvæði lítil og að stuðla að tengslamyndun og samstarfi yfir landamæri milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja;

f) að miðla hljóð- og myndmiðlaefni af nýrri gerð með nýrri tækni.

Þessum markmiðum skal náð í samræmi við nákvæma tilhögun sem er sett fram í viðaukanum.

2. gr.

Sérmarkmið með áætluninni á sviði þróunar

Á sviði þróunar eru sérmarkmiðin með áætluninni sem hér segir:

a) að stuðla, með fjárstuðningi, að þróun framleiðsluverkefna (leiklistarverka fyrir kvikmyndir eða sjónvarp, frumlegra heimildarþátta, teikni- og brúðumynda fyrir sjónvarp eða kvikmyndahús og verka sem nýta arfleifðina á sviði hljóð- og myndmiðlunar og kvikmynda) sem óháð fyrirtæki leggja fram, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, fyrir evrópska og alþjóðlega markaði;

b) að stuðla, með fjárstuðningi, að þróun framleiðsluverkefna þar sem notuð er ný tækni á sviði sköpunar, framleiðslu og miðlunar.

3. gr.

Sérmarkmið með áætluninni á sviði dreifingar og miðlunar

Á sviði dreifingar og miðlunar eru sérmarkmiðin með áætluninni sem hér segir:

a) að efla evrópskan dreifingariðnað á sviði kvikmynda með því að hvetja dreifendur til þess að fjárfesta í framleiðslu, kaupum, markaðssetningu og kynningu dreifingarréttis og kynningu evrópskra kvikmynda utan framleiðslulandsins;

b) að stuðla að aukinni miðlun evrópskra kvikmynda yfir landamæri, utan framleiðslulandsins, á evrópskum og alþjóðlegum mörkuðum, með framtaksverkefnum sem miða að því að auka dreifingu þeirra og sýningar í kvikmyndahúsum, meðal annars með því að hvetja til þess að gerðar séu samræmdar áætlanir á sviði markaðssetningar;

c) að efla dreifingargeirann fyrir evrópsk verk í miðlum, ætluðum til einkanota, með því að hvetja dreifendur til þess að fjárfesta í stafrænni tækni og kynningu evrópskra verka utan framleiðslulandsins;

d) að stuðla að útbreiðslu, innan og utan bandalagsins, á evrópsku dagskrárefni fyrir sjónvarp, sem óháð fyrirtæki framleiða, með því að hvetja til samvinnu útvarpsrekenda annars vegar og óháðra, evrópskra dreifenda og framleiðenda hins vegar;

e) að hvetja til þess að gerðar verði efnisskrár yfir evrópsk verk í stafrænu formi til notkunar í nýjum miðlum;

f) að styðja við fjölbreytni tungumála í evrópskum hljóð- og myndmiðlaverkum og kvikmyndaverkum.

4. gr.

Sérmarkmið með áætluninni á sviði kynningarstarfs og markaðsaðgangs

Á sviði kynningarstarfs og markaðsaðgangs eru markmiðin með áætluninni sem hér segir:

- a) að greiða fyrir og hvetja til kynningarstarfs og útbreiðslu evrópskra hljóð- og myndmiðlaverka og kvikmyndaverka á sölusýningum, kaupstefnum og hljóð- og myndmiðlunarhátíðum í Evrópu og um heim allan, að því marki sem slíkir viðburðir geta gegnt mikilvægu hlutverki í kynningu evrópskra verka og tengslamyndun milli fagfólks;
- b) að hvetja til tengslamyndunar milli evrópskra rekstrar- aðila með því að styðja sameiginlegar aðgerðir inn- lendra, opinberra eða óháðra aðila, sem vinna á sviði kynninga, á evrópskum og alþjóðlegum mörkuðum.

5. gr.

Fjárhagsákvæði

1. Styrkþegar bandalagsins skulu leggja fram umtals- verðan hluta fjármagnsins, en í því geta falist hvaða önnur opinber fjárframlög sem er. Fjárframlög bandalagsins skulu ekki fara yfir 50% af vinnslukostnaði. Í þeim tilvikum, sem sérstaklega er kveðið á um í viðaukanum, getur þetta hlutfall orðið allt að 60% af vinnslukostnaði.

2. Fjárhagsramminn til að hrinda áætluninni í framkvæmd á því tímabili, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., er 350 milljónir evra. Leiðbeinandi sundurliðun þeirrar fjárhæðar eftir geirum er sett fram í lið 1.5 í viðaukanum. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.

3. Fyrirtæki, sem njóta góðs af áætluninni, verða, með fyrirvara um samninga og sáttmála sem bandalagið er aðili að, að vera í eigu og halda áfram að vera í eigu aðildarríkja og/eða ríkisborgara aðildarríkja, hvort sem um beina eign eða meirihlutaeign er að ræða.

6. gr.

Fjárhagsstuðningur

Heimilt er að veita fjárstuðning samkvæmt áætluninni í formi fyrirframgreiðslna, sem ber að endurgreiða með vissum skilyrðum eða styrkja, samanber skilgreiningu í viðaukanum. Endurgreiðslur samkvæmt áætluninni, ásamt endurgreiðslum frá verkefnum, sem eru unnin samkvæmt MEDIA-áætluninni (1991-1995) og MEDIA II-áætluninni

(1996-2000), skal nota til þess að mæta kröfum MEDIA plús-áætlunarinnar.

7. gr.

Framkvæmd þessarar ákvörðunar

1. Samþykjka ber ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, að því er varðar þau málefni sem talin eru upp hér á eftir, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr.:

- a) almennar viðmiðunarreglur um allar ráðstafanir sem er lýst í viðaukanum;
- b) innihald beiðna um tillögur, skilgreiningar viðmiðana og málsmeðferð við val verkefna;
- c) spurningar viðvíkjandi árlegri, innri sundurliðun fjármagns til áætlunarinnar, meðal annars til aðgerða innan þróunar-, kynningar- og dreifingargeirans;
- d) fyrirkomulag á eftirliti með aðgerðum og mati á þeim;
- e) allar tillögur um úthlutun úr sjóðum bandalagsins sem er hærrí en 200 000 evrur fyrir þróunarstarf eða 300 000 evrur fyrir dreifingu og 200 000 evrur á hvern styrkþega og á ári fyrir kynningarstarf. Nefndinni er heimilt að endurskoða þessi viðmiðunarmörk í ljósi fenginnar reynslu;
- f) val tilraunaverkefna sem er kveðið á um í 10. gr.

2. Samþykjka ber ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari ákvörðun, að því er varðar öll önnur málefni, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 8. gr. Þessi málsmeðferð gildir einnig um lokaval á skrifstofum sem veita tæknilega aðstoð.

3. Tæknileg aðstoð skal heyra undir ákvæðin sem eru samþykkt á grundvelli fjárhagsreglugerðarinnar.

4. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu reglulega og í tæka tíð um framkvæmd þessarar ákvörðunar, einkum með hvaða hætti það fjármagn, sem er til, er nýtt.

8. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.
4. Nefndin setur sér starfsreglur.

9. gr.

Samræmi og fylling

1. Við framkvæmd áætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin, í nánu samstarfi við aðildarríkin, tryggja að hún sé í almennum samræmi við og komi til fyllingar öðrum viðkomandi stefnum, áætlunum og aðgerðum bandalagsins sem hafa áhrif á sviði hljóð- og myndmiðlunar.
2. Framkvæmdastjórnin skal tryggja skilvirk tengsl milli þessarar áætlunar og þeirra áætlana og aðgerða á sviði hljóð- og myndmiðlunar sem heyra undir samstarf bandalagsins við lönd utan þess og hlutaðeigandi alþjóðasamtök.

10. gr.

Tilraunaverkefni

1. Á gildistíma áætlunarinnar skal framkvæma tilraunaverkefni sem miða að því að bæta aðgang að evrópsku hljóð- og myndmiðlaefni og nýta tækifæri sem þróun og framsetning nýrrar og nýstárlegrar tækni skapa, meðal annars stafvæðing og nýjar aðferðir við miðlun.
2. Við val tilraunaverkefna sem til stendur að hrinda í framkvæmd skal framkvæmdastjórnin þiggja ráðgjöf tæknilegra samráðshópa sem í eru sérfræðingar sem aðildarríkin tilnefna. Skrána yfir hugsanleg verkefni skal leggja fyrir nefndina reglulega í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 8. gr.

11. gr.

Aðgangur landa utan bandalagsins að áætluninni

1. Samstarfslöndum í Mið- og Austur-Evrópu er frjálst að taka þátt í þessari áætlun í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í samstarfssamningunum, og viðbótarbókunum við þá, sem fjalla um þátttöku í áætlunum bandalagsins og hafa verið eða munu verða gerðir við þessi lönd.
2. Kýpur, Möltu, Tyrklandi og þeim EFTA-löndum, sem eiga aðild að EES-samningnum, er frjálst að taka þátt í áætluninni á grundvelli viðbótarfjárveitinga í samræmi við málsmeðferð sem semja skal um við þessi lönd.
3. Að þeim löndum undanskildum, sem um getur í 1. og 2. mgr., er þeim löndum, sem eiga aðild að samningi Evrópuráðsins um sjónvarp milli landa, frjáls þátttaka í áætluninni á grundvelli viðbótarfjárveitinga í samræmi við

skilyrði sem ber að ákvarða í samningum milli hagsmunaaðila.

4. Aðgangur að áætluninni fyrir þriðju lönd innan Evrópu, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., er háður undanfarandi rannsókn á samræmi milli löggjafar þeirra og réttarreglna bandalagsins, meðal annars annarrar undirgreinar 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 89/552/EBE.

5. Áætlunin skal einnig opin með tilliti til samstarfs við önnur þriðju lönd á grundvelli viðbótarfjárveitinga og sérstakra ráðstafana, meðal annars kostnaðarskiptingar samkvæmt umsamdri málsmeðferð sem ber að ákvarða í samningum milli hagsmunaaðila. Þriðju lönd innan Evrópu, sem um getur í 3. mgr. og óska ekki eftir fullri þátttöku í áætluninni, kunna að vera samstarfshæf með tilliti til áætlunarinnar samkvæmt skilyrðunum sem eru sett fram í þessari málsgrein.

12. gr.

Eftirlit og mat

1. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að ráðstafanir, sem eru gerðar samkvæmt þessari ákvörðun, séu háðar fyrirfram-samþykki og eftirliti og mati í kjölfarið. Hún skal tryggja að áætlunin sé aðgengileg og framkvæmd hennar gagnsæ.
2. Eftir að framkvæmd verkefna er lokið skal framkvæmdastjórnin meta hvernig þau hafa verið framkvæmd og áhrif framkvæmdar þeirra til þess að meta hvort upphaflegum markmiðum hefur verið náð.
3. Eftir að áætlunin hefur verið framkvæmd í tvö ár skal framkvæmdastjórnin, eftir að hafa lagt málið fyrir fjölmiðlanefndina, leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina matsskýrslu um áhrif og skilvirkni áætlunarinnar sem er byggð á fengnum niðurstöðum. Skýrslunni fylgi tillögur um breytingar ef þörf krefur.
4. Við lok áætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin leggja ítarlega skýrslu um framkvæmd hennar og árangur fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina.

13. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Gjört í Brussel 20. desember 2000.

Fyrir hönd ráðsins,

É. GUIGOU

forseti.

VIÐAUKI

1. RÁÐSTAFANIR SEM BER AÐ GERA

1.1 **Þróun hljóð- og myndmiðlaverka**

Í því skyni að vera í samræmi við viðskiptaáætlanir, sem endurspeglja fjölbreytni framleiðslufyrirkomulags og verkefna, er með ráðstöfunum, samkvæmt áætluninni, stefnt að því að veita fjárhagsaðstoð til fyrirtækja innan hljóð- og myndmiðlageirans sem leggja fram:

- a) tillögur um þróun verkefnapakka fyrir fyrirtæki með mikla fjárfestingargetu, eða
- b) tillögur um þróun verkefnapakka fyrir fyrirtæki með takmarkaða fjárfestingargetu, eða
- c) tillögur um þróun hljóð- og myndmiðlaverka sem eru kynnt eitt í einu.

Valið mun fyrst og fremst miðast við möguleika verkefnanna í evrópsku og fjölþjóðlegu samhengi, einkum að því er varðar:

- framleiðslumöguleika,
- möguleika á fjölþjóðlegri hagnýtingu og fyrirhugaðar áætlanir um markaðssetningu og dreifingu,
- gæði og frumleika.

Styrkur til þróunar verður veittur í samræmi við kröfu um að þegar verkefni kemur á framleiðslustig verði aðstoðin veitt áfram til þróunar nýrra framleiðsluverkefna.

Framlagið verður almennt takmarkað við 50% af kostnaði við verkefnið en heimilt er að hækka það í 60% fyrir verkefni sem stuðla að því að auka fjölbreytni tungumála og menningar innan Evrópu.

Í skýrslunni, sem kveðið er á um í 12. gr., mun framkvæmdastjórnin bera saman útkomu kerfanna, sem um getur í þessum viðauka, með tilliti til markmiðanna með áætluninni. Hún mun leggja fyrir nefndina viðeigandi tillögur um framkvæmdareglur, sem gilda fyrir áætlunina á enda, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 8. gr.

1.2 **Dreifing og miðlun**

1.2.1 Dreifing kvikmynda

Til að ná markmiðunum, sem um getur í 3. gr., skal ráðast í eftirfarandi aðgerðir:

- a) stuðningskerfi í formi fyrirframgreiðslu, sem ber að endurgreiða með vissum skilyrðum, til aðila sem annast dreifingu evrópskra kvikmyndaverka utan framleiðslulands. Markmiðið með þessari áætlun er að:
 - hvetja til tengslamyndunar milli evrópskra dreifenda, í samvinnu við alþjóðlega framleiðendur og dreifendur, í því skyni að stuðla að sameiginlegri stefnu fyrir evrópskan markað;
 - hvetja dreifendur sérstaklega til þess að fjárfesta í kynningarstarfi og nægilegri dreifingu evrópskra kvikmynda;
 - styðja sjónarmið fjöltungis í evrópskri kvikmyndagerð (hljóðsetning, textun, framleiðsla á mörgum tungumálum og alþjóðlegar hljóðrásir). Sá hluti fjárstuðnings, sem er ætlaður til þess að fjármagna tungumála fjölbreytni verka, verður í formi styrks.
- Í viðmiðunum við val styrkþega geta falist ákvæði sem gera kleift að greina á milli verkefna miðað við fjármögnunarflokk þeirra. Kvikmyndum, sem halda á lofti fjölbreytni tungumála og menningar í Evrópu, mun verða gefinn sérstakur gaumur.
- b) Sjálfvirkt fyrirkomulag stuðnings við evrópska dreifendur, í réttu hlutfalli við fjölda seldra miða á evrópskar kvikmyndir utan framleiðslulands, í ríkjum, sem eiga aðild að áætluninni, upp að vissu marki fyrir hverja kvikmynd og hvert land. Dreifendum er einungis heimilt að nota styrkinn til þess að fjárfesta í:
 - sameiginlegri framleiðslu evrópskra kvikmynda utan framleiðslulandsins;
 - kaupum á sýningarrétti evrópskra kvikmynda utan framleiðslulandsins, til dæmis með tryggðu lágmarki;
 - kostnaði vegna frágangs til útgáfu (afrítun, hljóðsetning og textun), kostnaði vegna kynningarstarfs og auglýsinga fyrir evrópskar kvikmyndir utan framleiðslulands.

Reglur um endurfjárfestingu kveða almennt á um fjárstuðning sem er 50% af kostnaði við verkefni að hámarki en heimilt er að hækka hann í 60%, einkum vegna fjárfestinga á framleiðslustigi og í kvikmyndum sem halda á lofti fjölbreytni tungumála og menningar innan Evrópu.

- c) Stuðningskerfi fyrir evrópsk fyrirtæki, sem sérhæfa sig í dreifingu kvikmynda um heim allan (söluumboð), í samræmi við frammistöðu þeirra á markaðinum á viðmiðunartíma sem er að minnsta kosti eitt ár. Söluumboðum er heimilt að nýta sér aðstoð af þessu tagi til þess að fjárfesta í kaupum (tryggt lágmark) og í kostnaði sem hlýst af kynningu nýrra evrópskra verka á evrópskum og alþjóðlegum mörkuðum.
- d) Viðeigandi aðstoð sem er ætlað að hvetja kvikmyndahúsarekendur til þess að sýna umtalsvert magn kvikmynda frá öðrum Evrópulöndum í lágmarkstíma í kvikmyndahúsum sem eru ætluð til frumsýninga. Skilyrði fyrir stuðningi er að tiltekinn lágmarksfjöldi evrópskra kvikmynda sé sýndur. Umfang stuðnings, upp að settu marki, getur miðast við fjölda seldra aðgöngumiða á kvikmyndir frá öðrum Evrópulöndum á viðmiðunartíma.

Einnig er heimilt að veita stuðning til uppsetningar og sameiningar netkerfa evrópskra kvikmyndahúsa-rekenda sem vinna eftir sameiginlegum áætlunum um að efla þessa starfsemi.

Heimilt er að nýta stuðning til þess að byggja upp menntunarstarf og til þess að gera unga kvikmynda-húsagesti meðvitaðri.

Stuðningur við kvikmyndahús og netkerfi skal, eftir því sem unnt er, stuðla að jafnri dreifingu milli landsvæða.

1.2.2 Sérdröifing evrópskra verka

Með þessu er átt við dreifingu evrópskra verka í miðlum til einkanota.

Sjálfvirkur stuðningur: fyrirkomulag sjálfvirkis stuðnings við útgefendur og dreifendur evrópskra kvikmyndaverka og hljóð- og myndmiðlaverka, að leikjum undanskildum, í miðlum til einkanota (t.d. myndböndum og stafrænum mynddiskum (DVD)) að teknu tilliti til markaðsframmistöðu á viðmiðunartíma sem er að minnsta kosti eitt ár. Við frammistöðumatið er heimilt að taka tillit til sérkenna ólíkra innlendra markaða eftir viðeigandi vægi. Dreifendum er einungis heimilt að nota styrkinn til þess að fjárfesta í:

- a) kostnaði við útgáfu og dreifingu nýrra evrópskra verka utan framleiðslulands í stafrænu formi; eða
- b) kostnaði við kynningu nýrra evrópskra verka utan framleiðslulands sem eru ekki í stafrænu formi.

Þessu fyrirkomulagi er ætlað að:

- a) hvetja til notkunar nýrrar tækni við framleiðslu evrópskra verka til einkanota (framleiðsla stafræns frumeintaks til notkunar fyrir alla evrópska dreifendur);
- b) hvetja dreifendur sérstaklega til þess að fjárfesta í kynningarstarfi og nægilegri dreifingu evrópskra kvikmynda og hljóð- og myndmiðlaverka utan framleiðslulands;
- c) auka fjölbreytni tungumála í evrópskri framleiðslu (hljóðsetning, textun og fjöltyngd framleiðsla).

1.2.3 Sjónvarpsútsendingar

Hvetja óháða framleiðendur til þess að framleiða verk (skáldskapur, heimildapættir og teikni- og brúðmyndir) með þátttöku ekki færri en tveggja, og helst fleiri, sjónvarpsstöðva frá nokkrum ríkjum sem eiga aðild að eða vinna saman að dagskrárgerðinni og koma frá ólíkum málsvæðum.

Í viðmiðunum við val styrkþega geta falist ákvæði sem gera kleift að greina á milli verkefna miðað við fjármögnunarflokk og tegund verkefnis. Hljóð- og myndmiðlaverk, sem halda á lofti fjölbreytni tungumála og menningar í Evrópu, munu hljóta sérstaka athygli.

Sá hluti fjárstuðnings, sem er ætlaður til þess að fjármagna tungumálafjölbreytni verka (þar með talin framleiðsla hljóðrásar – tónlistar og tæknibrellna), verður í formi styrks.

1.2.4 Beinlínutengd dreifing evrópskra verka

Með þessu er átt við beinlínutengda dreifingu evrópskra verka fyrir tilstuðlan þróaðrar dreifingarþjónustu og nýrra miðla (t.d. Netið, pöntunarsjónvarp). Markmiðið er að hvetja evrópskan hljóð- og myndmiðlaiðnað til þess að laga sig að þróun stafrænnar tækni, einkum með tilliti til þróaðrar, beinlínutengdrar dreifingarþjónustu.

Notkun hvatningar til að stafvæða verk og vinna kynningar- og auglýsingarefni í stafrænu formi til að örva evrópsk fyrirtæki (veitendur beinlínutengds aðgangs, rásir fyrir sérhæft efni, o.s.frv.) til þess að semja efnisskrár yfir evrópsk verk í stafrænu formi til notkunar í nýjum miðlum.

1.3 Kynningarstarf

1.3.1 Kynningarstarf og aðgangur að mörkuðum fyrir fagfólk

Aðgerðum samkvæmt áætluninni er ætlað:

- a) að bæta skilyrði fyrir aðgangi fagfólks að sölusýningum og hljóð- og myndmiðlamörkuðum fyrir fagfólk innan Evrópu sem utan og með sérstökum tæknilegum og fjárhagslegum stuðningsaðgerðum í tengslum við viðburði á borð við:
 - helstu kvikmyndamarkaði innan Evrópu og um heim allan;
 - helstu sjónvarpsmarkaði innan Evrópu og um heim allan;
 - markaði fyrir sérhæft efni, einkum teikni- og brúðmyndir, heimildapætti, margmiðlunartækni og nýja tækni;
- b) að hvetja til þess að komið verði upp gagnagrunni og/eða netkerfi gagnagrunna um efnisskrár yfir evrópskt dagskrárefni ætlað fagfólki;

- c) að hvetja, þegar því verður komið við, til stuðnings við kynningu kvikmyndaverka, allt frá því að viðkomandi verk er á framleiðslustigi.

Í þessu skyni hvetur framkvæmdastjórnin til tengslamyndunar milli rekstraradila á evrópskum vettvangi, einkum með því að styðja sameiginleg framtaksverkefni innlendra kynningarfyrirtækja, jafnt opinberra sem í einkaeygn.

Framlagið verður almennt takmarkað við 50% af kostnaði við verkefnið en heimilt er að hækka það í 60% fyrir verkefni sem stuðla að því að auka fjölbreytni tungumála og menningar innan Evrópu.

1.3.2 Hátíðir

Aðgerðum samkvæmt áætluninni er ætlað:

- a) að styðja hljóð- og myndmiðlahátíðir sem eru haldnar undir merkjum samvinnu og þar sem stór hluti sýndra verka er evrópskur;
- b) að hvetja til samvinnuverkefna með evrópsku ívafi með viðburðum á sviði hljóð- og myndmiðlunar frá að minnsta kosti átta ríkjum sem eiga aðild að áætluninni eða eru í samstarfi á vettvangi hennar og standa saman að aðgerðaáætlun sem miðar að því að kynna evrópsk hljóð- og myndmiðlaverk og útbreiða þau.

Sérstakur gaumur verður gefinn hátíðum, sem stuðla að kynningu verka frá aðildarríkjum eða svæðum, þar sem framleiðslugeta á sviði hljóð- og myndmiðla er lítil, og verka eftir unga evrópska leikstjóra, og hátíðum sem hafa á stefnuskrá sinni að stuðla með virkum hætti að kynningu og dreifingu evrópskra verka sem þar eru sýnd.

Verkefni frá netkerfum, sem tryggja varanlegt samstarf milli viðburða, munu hafa forgang.

Framlagið verður almennt takmarkað við 50% af kostnaði við verkefnið en heimilt er að hækka það í 60% fyrir verkefni sem stuðla að því að halda á lofti fjölbreytni tungumála og menningar innan Evrópu.

1.3.3 Kynningarstarf vegna evrópskra kvikmynda og hljóð- og myndmiðlaverka:

Að hvetja fagfólk, í náinni samvinnu við aðildarríkin, til þess að skipuleggja starfsemi til kynningar á evrópskum kvikmynda- og hljóð- og myndmiðlaverkum sem eru ætluð almenningi.

1.4 Tilraunaverkefni

Með tilraunaverkefnum, en markmiðin með þeim eru skilgreind í 10. gr., er meðal annars unnt að leggja áherslu á eftirfarandi svið í því skyni að halda á lofti, netvæða og kynna:

- a) kvikmyndaarfinn;
- b) evrópsk hljóð- og myndmiðlaverk í söfnum;
- c) efnisskrár yfir evrópsk hljóð- og myndmiðlaverk;
- d) stafræna miðlun evrópsks efnis, til dæmis fyrir tilverknad þróaðra dreifingarþjónustna.

Tilraunaverkefni munu gefa tilefni til þess að reynsla verði miðlað með gagnkvæmum hætti. Árangur af þeim verður birtur víða í því skyni að stuðla að útbreiðslu góðra starfsvenja.

Framkvæmdastjórnin mun, eftir að áætlunin hefur verið framkvæmd í tvö ár, sannprófa árangur af tilraunaverkefnum og leggja til breytingar á áætluninni.

1.5 Skipting fjármuna

Fénu, sem er til ráðstöfunar, verður skipt samkvæmt eftirfarandi viðmiðunareglum:

Þróunarvinna:	að minnsta kosti 20%
Dreifing:	að minnsta kosti 57,5%
Kynningarstarf:	um það bil 8,5%
Tilraunaverkefni:	um það bil 5%
Þverlægur kostnaður:	að minnsta kosti 9%

Allar prósentutölur eru leiðbeinandi og breytingum háðar af hálfu nefndarinnar, sem kveðið er á um í 8. gr., í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr.

2 FRAMKVÆMD ÁÆTLUNARINNAR

2.1 Aðferð

Framkvæmdastjórnin mun, við framkvæmd áætlunarinnar, tryggja samræmi við markmiðin sem eru sett fram í 2. mgr. 1. gr.

Framkvæmdastjórnin mun, við framkvæmd áætlunarinnar, vinna náið með aðildarríkjunum og njóta aðstoðar nefndarinnar sem kveðið er á um í 8. gr. Hún mun einnig hafa samráð við hlutadeigandi aðila og tryggja að þátttaka fagfólks í áætluninni endurspegli menningarlega fjölbreytni innan Evrópu.

2.2 Fjármögnun

2.2.1 Fjárframlag bandalagsins

Fjárframlag bandalagsins verður hæst 50% af endanlegum kostnaði við fyrirhugaðar ráðstafanir (með fyrirvara um þau tilvik, sem sérstaklega er kveðið á um í þessum viðauka, þar sem 60% mörkin gilda) og verður úthlutað í formi fyrirframgreiðslu, sem ber að endurgreiða með vissum skilyrðum, eða styrkja. Endurgreiðanlegur og styrkhæfur kostnaður er sá sem hlýst beint af framkvæmd styrktra aðgerða, jafnvel þótt hann sé greiddur að hluta af styrkþega áður en val verkefna fer fram. Þegar um er að ræða fjöltyngd verkefni er framlag bandalagsins í formi styrkja.

2.2.2 Fyrirframsamþykki, eftirlit og mat eftir á

Áður en beiðni um stuðning bandalagsins er samþykkt mun framkvæmdastjórnin meta hana vandlega til þess að ganga úr skugga um hvort hún sé í samræmi við ákvörðun þessa og skilyrðin sem eru sett fram í 2. og 3. undirlið þessa liðar viðaukans.

Í beiðnum um stuðning bandalagsins skal koma fram eftirfarandi:

- fjárhagsáætlun þar sem fram koma allir þættir fjármögnunar verkefnisins, meðal annars sá fjárstuðningur sem óskað er eftir frá bandalaginu;
- bráðabirgðatímaáætlun fyrir verkið;
- allar aðrar upplýsingar sem skipta máli og framkvæmdastjórnin fer fram á.

2.2.3 Fjárhagsákvæði og -eftirlit

Framkvæmdastjórnin setur reglur um skuldbindingar og greiðslur vegna þeirra ráðstafana, sem eru gerðar samkvæmt þessari ákvörðun, í samræmi við viðeigandi ákvæði fjárhagsreglugerða.

Hún mun tryggja sérstaklega að þær stjórnsýsluáðferðir og fjárhagslegu áðferðir, sem eru notaðar, henti þeim markmiðum sem stefnt er að og starfsvenjum og hagsmunum hljóð- og myndmiðlaíðnaðarins.

2.3 Framkvæmd

2.3.1 Framkvæmdastjórnin mun annast framkvæmd áætlunarinnar. Hún getur, í þessu skyni, leitað eftir samstarfi við óháða ráðgjafa og skrifstofur sem veita tæknilega aðstoð og eru valin, að undangengnu útboði, með hliðsjón af sérþekkingu þeirra innan geirans, reynslu, sem rekja má til MEDIA II-áætlunarinnar, eða annarri reynslu sem hefur verið aflað á þessu sviði. Tæknilega aðstoðin verður fjármögnuð samkvæmt fjárhagsáætlun áætlunarinnar. Framkvæmdastjórninni er og heimilt, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr., að efna til samvinnu um starfsemi við sérfræðifyrirtæki, meðal annars þau sem hefur verið stofnað til samkvæmt öðrum evrópskum framtaksverkefnum, til dæmis Eureka-áætluninni á sviði hljóð- og myndmiðlunar, EURIMAGES (Evrópski styrktarsjóðurinn fyrir sameiginlega framleiðslu og dreifingu frumlegra kvikmynda- og hljóð- og myndmiðlaverka) og Evrópsku athugunarstöðinni á sviði hljóð- og myndmiðlunar, í því skyni að hrinda í framkvæmd sameiginlegum aðgerðum sem eru í samræmi við markmið áætlunarinnar á sviði kynningarstarfs.

Framkvæmdastjórnin mun annast endanlegt val styrkþega vegna áætlunarinnar og ákvarða fjárstuðning, sem er veittur í samræmi við 8. gr., með hliðsjón af undirbúningsvinnu sem skrifstofurnar, sem veita tæknilega aðstoð, stýra. Hún mun senda umsækjendum um bandalagsstuðning rökstuðning fyrir ákvörðunum sínum og tryggja gagnsæi áætlunarinnar.

Í því skyni að hrinda áætluninni í framkvæmd og einkum til þess að meta verkefni, sem njóta góðs af fjárframlögum og tengslamyndun samkvæmt henni, mun framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar viðurkenndra, óháðra sérfræðinga í hljóð- og myndmiðlun á sviði þróunar, framleiðslu, dreifingar og kynningarstarfs sem eru, ef nauðsyn krefur, færir á sviði réttindaumsýslu, einkum með tilliti til hins nýja stafræna umhverfis.

2.3.2 Framkvæmdastjórnin mun gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að veita upplýsingar um þau tækifæri sem eru í boði samkvæmt áætluninni og mun ábyrgjast kynningu á henni. Framkvæmdastjórnin mun einnig veita ítarlegar upplýsingar á Netinu um þau tækifæri til þess að hljóta stuðning frá Evrópusambandinu sem varða hljóð- og myndmiðla.

Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin munu einkum gera nauðsynlegar ráðstafanir, með því að halda áfram starfsemi innan netkerfis MEDIA-skrifstofa og MEDIA-útibúa og tryggja að fagleg þekking þeirra sé eflid, í því skyni:

- að upplýsa fagfólk innan hljóð- og myndmiðlageirans um ýmiss konar stuðning sem því stendur til boða í Evrópusambandinu;
- að veita upplýsingar um áætlunina og kynna hana;
- að hvetja til sem mestrar þátttöku í aðgerðum samkvæmt áætluninni meðal fagfólks;
- að aðstoða fagfólk við framsetningu verkefna þegar kalli eftir tillögum er svarað;
- að hlúa að samstarfi fagfólks yfir landamæri;
- að styrkja tengsl milli ýmissa stuðningsaðila í aðildarríkjunum í því skyni að tryggja að aðgerðir samkvæmt áætluninni komi til fyllingar innlendum stuðningsráðstöfunum.